

FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 5/2025,
um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, staðfesti svohljóðandi forsetaúrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 5/2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

1. gr.

Á eftir orðinu „hafsbotsins“ í a-lið 2. tölul. 2. gr. kemur: , að undanskilinni meðferð og ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla samkvæmt 5. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Á eftir c-lið 4. tölul. 7. gr. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: Meðferð og ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla samkvæmt 5. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða.

3. gr.

Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 4. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. júlí 2025.

Halla Tómasdóttir.
(L. S.)

Kristrún Frostadóttir.